

Fundargerð Skólaráðs Vatnsendaskóla

30. september 2013 kl. 8:15

Mættir voru: Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, María Ásmundsdóttir og Jóhanna Kristín Gísladóttir kennarar, Drífa Harðardóttir, Margrét Stefánsdóttir og Agnes Gunnarsdóttir, fulltrúar foreldra, Oddný Magnúsdóttir fulltrúi nemenda, Halldór Sigurjónsson húsvörður og Hekla Hannibalsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

- Reglugerð um skólaráð grunnskóla:** Fundarmönnum afhent reglugerð um skólaráð grunnskóla til upplýsinga um starfið.
- Skólastarfið:** Guðrún Soffía fjallaði um það hvernig skólastarfið hefur farið af stað í haust. Breytingar urðu á stundatöflu unglíngastígs; þau byrja nú klukkan 8:30 og eru í klukkustundar löngum lotum með hléi á milli sem gefist hefur mjög vel. Bílaörtröð við skólann á morgnana hefur minnkað. Tveir 1. bekkir eru í nýjum lausum kennslustofum sem nefnast Holt og Mýri og sá þriðji hefur aðsetur í stofu á neðri hæð við hlið Dægradvalar. Allir kennarar eru með kennsluréttindi og bætt hefur verið við stuðningsfulltrúum. Mönnun í Dægradvöl er að verða lokið. Fulltrúi nemenda lýsti yfir ánægju með skipulag stundatöflu unglíngastígs.
- Samræmd próf:** Guðrún Soffía fjallaði um stefnu skólans varðandi samræmd próf. Hér í Vatnsendaskóla er áhersla lögð á að allir nemendur taki prófin og sjái hvar þeir standa miðað við námskrá og skólinn sjái hvar þurfi að gera betur í kennslu. Prófin hafa fyrst og fremst upplýsingagildi og forspárgildi um hvernig nemendum muni ganga í náminu í framtíðinni. Þegar námsframvinda er skoðuð hjá nemendum skólans hefur sá stuðull komið mjög vel út í Vatnsendaskóla. Fulltrúar foreldra lýstu yfir ánægju með morgunhressingu sem skólinn býður nemendum í samræmdum prófum upp á.
- Stærðfræðikennsla:** Rætt um aðferðafræði stærðfræðikennslu. Fulltrúi foreldra stakk upp á að skólinn byði upp á frekari kynningar á stærðfræðikennslu og ábendingar um hvert leita má eftir ítarefni, svo foreldrar væru betur í stakk búnir til að aðstoða börn sín.
- Fundartími:** Ákveðið var að fundartími yrði sá sami í framtíðinni. Næsti fundur verður mánudaginn 11. nóvember kl. 8:15.

Fundarritari Hekla Hannibalsdóttir.